

## Sjúkrasjóður Stéttarfélags Vesturlands Bótareglur frá og með 1.janúar 2025

Verklagsreglur afgreiðslna úr sjúkrasjóð.

Allar umsóknir til Sjúkrasjóðs Stéttarfélags Vesturlands fara í gegnum Mínar síður á heimasíðu félagsins. Greitt er út úr sjóðnum vikulega. Til þess að eiga rétt á styrkjum þarf félagsfólk að hafa greitt til félagsins það gjald sem miðast við 100% starf eða hlutfallslega miðað við hlutastarf, í félagsgjöld næstliðna 6 mánuði.

Reikningur skal dagsettur eftir að réttur félagsfólks til styrkja stofnast í sjóðnum. Ekki eru greiddir styrkir vegna reikninga sem verða til á þessu 6 mánaða ávinnslutímabili.

Greiðslukvittanir, reikningar og vottorð mega ekki vera eldri en 12 mánaða, miðað við að réttindi liggi fyrir þá. Vottorð vegna sjúkradagpeninga mega ekki vera eldri en 2 mánaða. Ef gögn skila sér ekki innan þriggja mánaða eftir að umsókn er stofnuð er henni eytt úr kerfinu og þarf þá að sækja aftur um eftir þann tíma.

Skila þarf með umsókn reikningi sem skal vera stílaður á nafn félagsmanns og íslenska bankakvittun.

Reikningurinn skal einungis gilda fyrir félagsmanninn nema annað sé tekið fram.

Aldrei er greitt meira en 50% af reikningi nema í krabbameinsleit og tannlæknaþjónustu.

**Fæðingarstyrkur** kr. **170.000**

Ef tveir fullgreiðandi félagar eignast saman barn eiga þeir hvor um sig rétt á fæðingarstyrk.

Greiða þarf iðgjald af greiðslum fæðingarorlofssjóðs.

Styrkurinn er framtalsskyldur.

**Styrkur v/glasa-, tæknifrjóvgunar og ættleiðingar** kr. **100.000**

Ef um er að ræða tvo fullgreiðandi féлага eiga þeir hvor sinn rétt.

Hægt er að fá styrkinn þrisvar sinnum og þarf ekki að liða ákveðin tímamörk á milli afgreiðslna.

**Sjöntækjastyrkur** pr. féлага á 24 mánaða tímabili kr. **80.000**  
pr. barn á 12 mánaða tímabili **40.000**

**Heyrnatækjastyrkur**

pr. féлага á 36 mánaða tímabili

kr. **100.000**

Miðað við tæki í annað eyra. Upphæð tvöfaldast ef þörf er á tveimur tækjum.

**Krabbameinsrannsóknir** kr. **25.000**

Leghálstrok, brjóstaskimun, blöðruhálskirtilsrannókn, ristilspeglun.

100% endurgreitt.

**Heibrigðisþjónusta** kr. **25.000**

Hjartavernd, speglanir, myndgreining, svefnrannsóknir og ómskoðanir

( ekki 3d sónar á föstrum).

**Sjúkraþjálfun** kr. **25.000**

Sjúkraþjálfun, sjúkranudd, Kírópraktor, Osteopati, göngugreining og önnur stoðtæki.

**Tannlæknir** kr. **25.000**

Skoðun hjá tannlækni.

100% endurgreitt.

**Stjórn er heimilt** að styðja féлага og börn þeirra til annarra stoðtækjakaupa en að ofan greinir samkv. gr. 12.8. í reglugerð sjóðsins. Stjórnin setur sér þá vinnureglu að stoðtækjakaup séu ávallt að tilvisun læknis og styrkur v/barna 50%.

**Heilsurækt** kr. **50.000**

Sund, líkamsrækt og fleira tengt.

Ekki er greitt fyrir gatakort eða miða.

**Augnaðgerðir**, á öðru auga er hámark kr. **75.000**. Hámark fyrir bæði augu kr. **150.000**

Um er að ræða laser eða lasik aðgerðir. Einn fullur styrkur á 36 mánaða fresti.

**Viðtalsmeðferð hjá sálfræðingum/fjölskylduráðgjöfum. - Hámark** kr. **100.000**  
Greitt 50% viðtalstíma að hámarki kr. **12.000** fyrir tímann.  
Greining á ADHD skal styrkt samkv. þessari grein.

**Dánarbætur**, skv. gr. 12.4. kr. **550.000**  
Hafi félagsmaður verið virkur greiðandi í félagið í 5 ár eða lengur og lætur eftir sig barn/börn undir 18 ára aldri hækkar upphæðin um kr. 500.000, vegna hvers barns. Dánarbætur eru framtalsskyldar.

Dvöl félagsmanna sem fara í endurhæfingu eða meðferð samkvæmt tilvísun læknis á endurhæfingarstofnunum er niðurgreidd um kr. **8.000** á dag í allt að 42 almanaksdaga (6 vikur). Þó aldrei meira en 50% af kostnaði. Þessi greiðsla tekur ekki skerðingum vegna aldurs eða örorku.

**Heimilt er** í eitt skipti að veita styrk sem svarar dagpeningum í allt að **45** daga vegna sjúkdóms sem stafar af ofneyslu vímuefna. Tilvísun læknis þarf til.

**Dagpeningar** í veikinda- og slysaförföllum í allt að **120** almanaksdaga samkv. grein 12.1 í reglugerð sjóðsins. Þó aldrei hærra en kr. **830.000** í hverjum mánuði.

**Dagpeninga** vegna veikinda langveikra og alvarlega fatlaðra barna í allt að 90 almanaksdaga, samkv. grein 12.2. Þó aldrei hærra en kr. **830.000** í hverjum mánuði.

**Dagpeningar** vegna mjög alvarlegra veikinda maka í allt að 90 almanaksdaga, samkv. grein 12.3. Þó aldrei hærra en kr. **830.000** í hverjum mánuði.

**Viðmið til að ná fullum bótarétti er kr. 51.500- sl. 12 mánuði, þessi tala er viðmið frá 1. jan. 2025.**

Í þeim tilvikum þegar iðgjaldagreiðendur stunda nám með vinnu svo sem vinna tvö sumur eða stunda árstíðabundin störf er heimilt að telja 24 mánuði aftur í tímann þegar réttindi þeirra eru metin úr sjúkrasjóði. Hafi viðkomandi aðili náð að lágmarki sex mánaða starfi á tímabilinu hefur hann öðlast hlutfallslegan rétt enda hafi verið greitt af viðkomandi til sjóðsins á sama tímabili.

**Geymd réttindi eldri borgara og öryrkja:**

Samkv. grein 11.1 í reglugerð sjóðsins geymast réttindi sjóðsfélaga sem hættir eru störfum vegna aldurs eða örorku óskert í 12 mánuði frá starfslokum, hafi þeir greitt til sjóðsins síðustu 5 árin fyrir starfslok. Eftir það skulu þeir eiga rétt til 60% af þeim styrkjum sem greiðandi félagar njóta. Hafi réttindi félagsmanns fyrir starfslok verið lægri en 60%, skerðast þau réttindi hlutfallslega. Einnig eiga aðstandendur þeirra rétt til dánarbóta samkv. þessari grein, nú kr. 330.000 eða minna í hlutfalli við geymd réttindi.

**Grein 12.5 í reglugerð sjóðsins var virkjuð frá 1. jan. 2018:**

**Dagafjöldi greiddra dagpeninga skv. 12.1 lið, til þeirra sem greitt er hlutfallslega lægra iðgjald af en 1%, er heimilt að skerða í sama hlutfalli og iðgjaldið er lægra en 1%.**

**Félagsmenn á almenna markaðnum og sem starfa hjá sveitarfélögum 120 dagar.**

**Félagsmenn er starfa hjá ríkinu 90 dagar.**

Almenni markaðurinn og sveitarfélögin greiða 1% eða meira í sjúkrasjóð. Iðgjöld í sjúkrasjóð hjá ríkinu 0,75% af launum viðkomandi starfsmanns.

**Nýtt niðurlag gr. 12.1 og er það nú svohljóðandi:**

Stjórn sjóðsins getur við sérstakar aðstæður metið hvort dagpeningar skuli greiddir lengur en eitt bótatímabil og hver upphæð dagpeninga skuli þá vera. Stjórn sjúkrasjóðs getur (við þessar aðstæður) gert félagsmanni, sem nýtur greiðslu úr sjóðnum, skylt að leita ráðgjafar hjá Virk.

**Vakin er athygli á 15. grein reglugerðar sjóðsins um fyrningu bótaréttar :**

**15. grein - Fyrning bótaréttar**

15.1 Réttur til dagpeninga í veikinda og slysaförföllum skv. gr.12.1 og 12.4 fellur niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.

15.2 Réttur til styrkja skv. reglugerð þessari fellur að öðru leyti niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.

**Upphæðir hámarks dagpeninga og dánarbóta skulu hækkaðr frá 1. jan. ár hvert miðað við launavísitölu samkvæmt lögum ASÍ. Dánarbætur taka mið af neysluverðsvísitölu frá 1. jan 2017.**

**Bótareglurnar voru síðast staðfestar á aðalfundi Stéttarfélags Vesturlands 17. maí 2020.**

**Bótareglur eins og þær eru nú voru samþykktar á fundi Trúnaðarráðs 15. desember 2021.**

**Bótareglur lagðar fyrir fund Trúnaðarráðs 14. des. 2022 og samþykktar.**

**Bótareglur lagðar fyrir fund Trúnaðarráðs 5. des. 2023 og samþykktar.**

**Bótareglur lagðar fyrir fund Trúnaðarráðs 11. des. 2024 og samþykktar.**